



## Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur - Strandgötu 38, 460 Tálknafjörður - kt. 640269-6779 - Sími 450-2500 – talknafjordur@talknafjordur.is

Atvinnuveganefnd Alþingis  
Alþingi við Austurvöll  
101 Reykjavík

Tálknafjörður, 26. maí 2021  
2105105 ÓÞÓ

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaldis, 640. mál.

Fyrir hönd Tálknafjarðarhrepps lýsi ég yfir ánægju með framkomna þingsályktunartillögu um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaldis með hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi.

Það er ljóst að núverandi regluverk tryggir ekki að fiskeldisveitarfélög geti staðið undir þeirri innviðaupbyggingu sem er nauðsynleg vegna þessarar nýju og ört vaxandi atvinnugreinar hér á Íslandi. Það þarf að gera umhverfi greinarinnar skýrara og gegnsærra en það er í dag. Eins er bent á mikilvægi þess að málefni seiðaðisstöðva séu höfð með þegar laga- og reglugerðarumhverfi fiskeldis er tekið til endurskoðunar.

Á Tálknafirði skiptir miklu að endurskoðun á þessu regluverki fari fram. Úti á firðinum eru tvö sjókvíaldissvæði. Ekkert af þeim opinberu gjöldum sem greidd eru af þeirri starfsemi og þeim mannvirkjum sem þar eru skila sér með beinum hætti til sveitarfélagsins. Þá eru tvær seiðaðisstöðvar inni á hafnarsvæði Tálknafjarðarhafnar og hafa fyrirtækin sem þær reka haldið á lofti efasemdum um réttmæti á gjaldtöku hafnarsjóðs af seiðaðisflutningum sem fara um hafnarsvæðið. Það er öllum ljóst að þau miklu umsvif sem eru í tengslum við þessa atvinnustarfsemi hafa töluverð áhrif á margvíslegan hátt og ljóst að tryggja þarf að sveitarfélagið hafi nægar tekjur til að geta staðið undir hlutverki sínu bæði gagnvart fyrirtækjum og samfélagi.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að sveitarfélögum sem tryggður fulltrúi eða fulltrúar í starfshóp sem fjallar um endurskoðun á laga- og reglugerðarumhverfi sjókvíaldis með hliðsjón af gjaldtöku af fiskeldi.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

 Sveitarstjóri  
Tálknafjarðarhrepps

Ólafur Þór Ólafsson  
sveitarstjóri